

Greiðsluafkoma ríkissjóðs Janúar 2006

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjorið er á greiðslugrunni og nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum.

Samkvæmt uppgjörinu var breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 13,9 ma.kr. í mánuðinum, sem er 11,3 ma.kr. hagstæðari útkoma en í janúar í fyrra. Þá er útkoman 9,9 ma.kr. hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust 11,2 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 0,2 ma.kr. Hreyfingar á viðskiptareikningum urðu 0,2 ma.kr. hagstæðari. Hreinn lánsfjárfunduður var jákvæður um 12,8 ma.kr. sem er 7 ma.kr. betra en á sama tíma í fyrra. Hagstæðari staða nú skýrist alfarið af jákvæðari tekjujöfnuði en í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 41,1 ma.kr. í janúar og hækkuðu um 11,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða 37,6% en að teknu tilliti til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur hækkingin um 27%. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld um 36 ma.kr. sem er um 26% hækking að nafngildi frá síðasta ári. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 4,4% þannig að skatttekjur og tryggingagjöld hækkuðu að raungildi um 21%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 25,4 ma.kr. og hækkuðu um tæplega 9 ma.kr. frá síðasta ári eða um 54,3%. Munar þar mest um aukna innheimtu fjármagnstekjuskatts en í janúar nam hún 13,5 ma.kr. sem er 53% aukning frá sama tíma árið á undan. Jafnframt skýrist 3,7 ma.kr. hækking tekjuskatts lögaðila að mestu af áðurnefndri tilfærslu milli mánaða. Innheimt tryggingagjöld jukust einnig frá fyrra ári, eða um 15% en launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,3% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta nam 0,8 ma.kr. sem er aukning um 11,2%. Þar af námu stimpilgjöld ríflega 0,5 ma.kr. en innheimta þeirra hefur hins vegar dregist saman frá fyrra ári um 27,4% sem gefur til kynna að dregið hefur úr veltu á fasteignamarkaði og skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar en samanlagt hafa almennir veltuskattar hækkað um 14,2% frá fyrra ári. Þannig hafa tekjur af virðisaukaskatti aukist um 9,4% sem jafngildir 4,8% raunhækkun. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að vörugjöld af ökutækjum skiluðu ríflega fimmtungi meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er umtalsverð aukning en þó mun minni en hefur verið undanfarin ár.

Greidd gjöld janúarmánaðar eru 25,5 ma.kr. króna og hækka um 0,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 0,7%. Aukningin kemur nær alfarið fram í greiðslum til félagsmála, þ.e. til almannatrygginga, fræðslu- og menningarmála, heilbrigðismála og annarra velferðarmála. Gjöld málaflöksins í heild vega 72% af útgjöldum janúarmánaðar og hækka um 1,7 ma.kr., eða 10% milli ára. Þar af eru 0,7 ma.kr. til heilbrigðismála og 0,5 ma.kr. til fræðslumála. Greiðslur til atvinnumála lækka lítilliga milli ára, en vaxtagjöld lækka um 1,6 ma.kr. og vega þar með upp hækkingu félagsmála. Í janúar í fyrra var stór flokkur spariskírteina forinnleystur sem leiddi til 1,2 ma.kr. vaxtagjalda. Þá leiddi afborgun af erlendu láni til 0,9 ma.kr. vaxtagreiðslna í fyrra.

Lántökur námu aðeins 1,5 ma.kr. á móti 11,6 milljörðum í fyrra. Að auki voru stutt innlend lán greidd niður um 4 ma.kr. Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 ma.kr. og loks voru 0,3 ma.kr. greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 10 ma.kr. í janúar 2006.

Ný tekjuflokkun ríkissjóðs: Flokkun tekna ríkissjóðs hefur verið endurskoðuð með hliðsjón af nýjum staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um opinber fjármál (Government Finance Statistics Manual 2001), en fyrri flokkun byggðist á eldri útgáfu þess staðals. Hin nýja tekjuflokkun birtist fyrst síðastliðið haust í ríkisreikningi fyrir árið 2004 og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 til kynningar. Nú birtist hún einnig í mánaðarlegu uppgjöri Fjársýslu ríkisins á tekjum ríkissjóðs.

Helstu breytingar frá eldri flokkun eru að tryggingagjöldin eru aðgreind frá skatttekjum en flokkast þó undir nýjum yfirlið tekna, "skatttekjur og tryggingagjöld". Þá eru skattar á alþjóðaviðskipti, s.s. tollar og aðflutningsgjöld, flokkuð sérstaklega en ekki undir sköttum á vöru og þjónustu eins og áður. Að lokum gefur hin nýja flokkun kost á meiri og nákvæmari sundurliðun annarra tekna en fyrri flokkun. Við innleiðingu þessarar nýju flokkunar hafa einnig orðið nokkrar breytingar á flokkun einstakra tekjuháða, s.s. gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra og ýmissa neyslu- og leyfisgjalda.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2006
(Í milljónum króna)

	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Innheimtar tekjur.....	18.622	19.202	24.204	29.894	41.132
Greidd gjöld.....	17.874	19.485	24.737	25.338	25.508
Tekjujöfnuður.....	748	-283	-533	4.556	15.624
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-15	-	-672	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-1.275	-3.359	-590	-1.901	-1.698
Handbært fé frá rekstri.....	-542	-3.642	-1.795	2.655	13.926
Fjármunahreyfingar.....	389	644	204	3.219	-1.077
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	-153	-2.998	-1.591	5.874	12.849
Afborganir lána.....	-389	-324	-17	-11.135	-4.049
Innanlands.....	-389	-324	-17	-2.142	-4.049
Erlendis.....	-	-	-	-8.994	-
Greiðslur til LSR og LH.....	-750	-625	-625	-	-330
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-1.292	-3.947	-2.233	-5.261	8.470
Lántökur.....	4.400	5.964	7.674	5.563	1.532
Innanlands.....	4.418	5.979	8.012	-3.431	1.532
Erlendis.....	-15	-14	-338	8.994	-
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	3.107	2.017	5.442	302	10.002

Tekjur ríkissjóðs janúar 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Skatttekjur og tryggingagjöld.....	22.026	28.367	39.043	20,9	28,8	37,6
Skattar á tekjur og hagnað.....	12.199	16.492	25.445	8,7	35,2	54,3
Tekjuskattur einstaklinga.....	6.149	7.247	7.766	1,3	17,9	7,2
Tekjuskattur lögaðila.....	319	397	4.143	-	-	-
Skattur á fjármagnstekjur	5.731	8.848	13.535	10,8	54,4	53,0
Eignarskattar.....	454	729	810	3,7	60,7	11,2
Skattar á vöru og þjónustu.....	7.065	8.164	9.324	43,8	15,6	14,2
Virðisaukaskattur.....	4.387	4.908	5.370	76,1	11,9	9,4
Vörugjöld af ökutækjum.....	318	607	732	58,2	90,9	20,6
Vörugjöld af bensíni.....	782	818	834	53,3	4,6	2,0
Skattar á olíu	187	236	452	-24,3	26,2	91,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	813	793	830	-0,7	-2,5	4,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu....	580	802	1.106	-10,3	38,3	37,9
Tollar og aðflutningsgjöld.....	266	236	295	20,1	-11,2	24,8
Aðrir skattar.....	31	41	57	552,8	34,0	39,2
Tryggingagjöld.....	2.012	2.705	3.111	42,5	34,4	15,0
Fjárframlög	3	54	38	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur.....	1.513	1.473	2.037	-	-	-
Sala eigna.....	0	0	14	-	-	-
Tekjur alls.....	23.543	29.894	41.132	22,6	27,0	37,6

Gjöld ríkissjóðs janúar 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Almenn mál.....	2.534	2.760	2.940	46,2	8,9	6,5
Almenn opinber mál.....	1.434	1.642	1.755	31,4	14,5	6,9
Löggæsla og öryggismál.....	1.100	1.118	1.186	71,3	1,6	6,1
Félagsmál.....	17.010	16.737	18.429	36,2	-1,6	10,1
þar af:						
Fræðslu- og menningarmál..	4.974	5.399	5.939	67,6	8,5	10,0
Heilbrigðismál.....	5.986	6.451	7.174	37,4	7,8	11,2
Almannatryggingamál.....	5.274	4.107	4.386	14,3	-22,1	6,8
Atvinnumál.....	3.289	2.639	2.572	49,2	-19,8	-2,5
þar af:						
Landbúnaðarmál.....	1.486	793	798	84,0	-46,6	0,6
Samgöngumál.....	1.176	1.199	1.026	39,6	2,0	-14,5
Vaxtagreiðslur.....	909	2.190	512	-45,9	141,0	-76,6
Aðrar greiðslur.....	995	1.012	1.056	-27,8	1,7	4,3
Greiðslur alls.....	24.737	25.338	25.508	27,0	2,4	0,7